



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# „Þetta er í erfðaefninu“

---

Um eiginleika kynjanna og stjórnun  
fjármálafyrirtækja

Emma Björg Eyjólfsdóttir

Ágúst 2009

Leiðbeinandi: Jón Ólafsson





HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# „Þetta er í erfðaefninu“

---

Um eiginleika kynjanna og stjórnun  
fjármálafyrirtækja

Emma Björg Eyjólfsdóttir

Ágúst 2009

Leiðbeinandi: Jón Ólafsson

## Ágrip

Hér er farið yfir umræðu sem átti sér stað í íslensku samfélagi í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Í allri þeirri ringulreið sem ríkti í samfélaginu vaknaði sú hugmynd að betra væri að konur stjórnðu fjármálafyrirtækjum en karlar, þar sem hrunið hefði sýnt að stjórnunarhættir karla væru misheppnaðir. Þessi umræða er greind með tilliti til hugmynda um kyn. Sú skoðun að karllæg viðhorf hefðu ráðið ferðinni fyrir hrunið, og þessvegna væri farsælast að hafna þeim benda til að kynjamunur sé talinn ráða úrslitum í stjórnun og rekstri. Þrjár mögulegar ástæður fyrir muninum á milli kynjanna eru skoðaðar; eðlishyggja, mótunarhyggja og tengslamyndun í frumbersku. Markmiðið er að komast að því hvaða grunnhugmynd um kynjamun liggur að baki þeirri fullyrðingu að annað kynið sé betur fallið til þess að stjórna fjármálafyrirtækjum en hitt.

## Formáli

Það eru margir sem eiga þakkir skildar fyrir aðstoð og stuðning við undirritaða við vinnslu þessarar ritgerðar. Fyrstan ber að nefna Jón Ólafsson, leiðbeinanda minn, sem veitti afar góðar og gagnlegar ábendingar og mikinn áhuga og þolinmæði í gegnum allt ferlið. Hann á ekki síst þakkir skildar fyrir að hafa veitt mér stóran hluta þeirrar þekkingar og færni sem nauðsynleg var við vinnslu þessarar ritgerðar. Jón á einnig stóran þátt í að ýta undir áhuga minn á heimspeki og kann ég honum bestu þakkir fyrir það.

Allir kennarar við Félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst eiga miklar þakkir skildar fyrir þá vinnu og þann metnað sem þeir hafa lagt í að gera námið eins krefjandi, áhugavert og skemmtilegt og raun ber vitni.

Kristínu Svövu Tómasdóttur þakka ég fyrir gagnlegar ábendingar, yfirlestur og allar þær áhugaverður og skemmtilegu samræður sem við höfum átt um þetta efni og önnur því skyld í gegnum tíðina.

Fjölskyldu minni er ég einnig afar þakklát, ekki síst foreldrum mínum og tengdaforeldrum fyrir alla þá hjálp og þá þolinmæði sem þau hafa sýnt við vinnslu þessarar ritgerðar.

Ég stend einnig í þakkarskuld við manninn minn, Pálmar Þorsteinsson, sem hefur tekið sér tíma til að eiga við mig langar samræður um efni ritgerðarinnar, lesa hana yfir og vera minn helsti gagnrýnandi.

Reykjavík, ágúst 2009.

---

Emma Björg Eyjólfsdóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Hugmyndir um konur sem stjórnendur fjármálafyrirtækja .....	2
Eðlishyggja.....	5
Gagnrýni á eðlishyggju .....	9
Félagsmótun .....	13
Félagslegt eðli? .....	15
Umhyggjusiðfræði .....	16
Gagnrýni á umhyggjusiðfræði .....	18
Niðurstöður.....	20
Lokaorð .....	22
Heimildaskrá.....	24



## Inngangur

Ýmislegt breyttist í kjölfar efnahagshrunsins sem dundi yfir íslenska þjóð haustið 2008. Trúin á íslenska efnahagsundrið hafði verið mikil og því var fótunum í raun kippt undan stórum hluta fólks þegar í ljós kom að eina undrið var það að hagkerfið hefði ekki hrunið fyrr. „Kapítalisminn er dauður“ hrópuðu einhverjir og mikið var rætt um hvað ætti eiginlega að gera við alla þessa viðskiptafræðinga. Í raun virtist þetta hrun þýða að íslenskur almenningur þyrfti að endurskoða verðmætamat sitt að verulegu leyti. Ljóst var að Íslendingar báru ekki höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir eins og talið hafði verið og að líklega risi aldrei alþjóðleg fjármálamiðstöð í Borgartúni eins og haldið var fram í skýrslunni *Ísland 2015* sem gefin var út af Viðskiptaráði.<sup>1</sup> Það var því eins og það hefðu ekki aðeins verið bankarnir og fjármálakerfið sem hrundu heldur einnig ákveðið hugmyndakerfi sem stór hluti íslensku þjóðarinnar hafði trúað á í fullri einlægni.

Mikil reiði vaknaði hjá íslenskum almenningi sem taldi sig hafa verið svikinn; bæði af útrásarvíkingum sem höfðu breyst úr glæstum hetjum sem námu ný lönd með hina nýuppgötvuðu viðskiptasnilld Íslendinga að vopni í blóðþyrsta morðingja og af stjórnvöldum sem höfðu sofnað á verðinum og ekkert gert til að stemma stigu við þeim hamförum sem sumir töldu að hefði verið hægt að sjá fyrir löngu áður en þær dundu yfir. Almenningi þótti nóg komið af spillingu og græðgi viðskiptajöfranna og stjórnmalamannanna sem voru þeim hliðhollir og kölluðu nú eftir uppbyggingu á „Nýja Íslandi“. Ef marka má samfélagsumræðuna sem skapaðist á haustmánuðum 2008 var hið nýja Ísland laust við spillingu, hagsmunapot og græðgi en einkenndist af samkennd, heiðarleika og nægjusemi. Það átti að umbylta öllu kerfinu. Farið var fram á stjórnlagabing, nýjar kosningar, allsherjarrannsókn á bankahrununu og afsögn þeirra embættismanna sem höfðu setið í ábyrgðarstöðum án þess að hreyfa legg eða lið til að koma í veg fyrir hrunið.

Nær allir voru sammála um að það sem komið hefði íslensku þjóðinni í slík vandræði væri græðgi, spilling, áhættusækni og vanþekking ráðamanna á bankaviðskiptum, en það voru skiptari skoðanir um hvernig best væri að skapa hið nýja Ísland. Sumir töldu best að Íslendingar hyrfu til sjálfsþurftarbúskaps, það væri lítill vandi að hverfa aftur til fyrri atvinnuhátta þar sem landbúnaður og sjávarútvegur sköpuðu stóran sess þar sem við höfðum lifað þannig áður. Aðrir vildu tryggja beinna lýðræði og að almenningur gæti haft meiri áhrif

<sup>1</sup> (Framtíðarhópur viðskiptaráðs Íslands, 2006)



á gang mála hér á landi. Líklega geta flestir Íslendingar tekið undir að nóg hafi verið komið af vinagreidum og klíkuskap og að siðferðilegum gildum þyrfti að gera hærra undir höfði. Fólk kallaði eftir því að þeir sem báru ábyrgð á bankahruninu yrðu látnir axla hana og að við endurreisn samfélagsins væru gagnsæi og heilindi höfð að leiðarljósi. Nýtt siðferði átti að verða til með hinu nýja Íslandi. Ein hugmyndin um hvernig væri hægt að byggja hér ákjósanlegra samfélag til að búa í var sú að láta konur halda um stjórnartaumana í ríkara mæli en þær höfðu áður gert. Rökin sem oft heyrðust fyrir þessu viðhorfi fólu í sér að konur væru einhvernvegin þannig gerðar að þær væru líklegri en karlar til að vera varkárar og aðhaldssamar. Þetta átti við bæði í stjórnámálum og viðskipta- og atvinnulífi. Í grein sem var skrifuð um ráðningu Elínar Sigfúsdóttur og Birnu Einarsdóttur sem bankastjóra tveggja viðskiptabanka og birtist í tímaritinu *Management Today* er þetta haft eftir Tryggva Þór Herbertssyni, fyrrverandi efnahagsráðgjafa ríkisstjórnarinnar: „Konur eru varkárari og umhyggjusamari. Ég held að karlar sækist frekar eftir hærri ávöxtun sem hefur meiri áhættu í för með sér.<sup>2</sup>“ Hugmynd Tryggva endurspeglar að mjög miklu leyti umræðuna um ólíka eiginleika kynjanna. Hér verður þessi hugmynd tekin til nánari athugunar og leitast við að kanna hvers konar hugmynd um kynin og kynjamun felast í þessari skoðun.

## Hugmyndir um konur sem stjórnendur fjármálafyrirtækja

Tilteknir gagnstæðir eiginleikar hafa löngum verið kenndir við kynin. Í gegnum tíðina hafa karlar helst verið tengdir við skynsemi, menningu og stjórnámál en konur þótt vera tilfinningaríkar, umhyggjusamar og í betri tengslum við náttúruna.<sup>3</sup> Þannig hafa konur og karlar verið sett sem andstæður vegna þeirra andstæðu eiginleika sem prýða þau. Þessar hugmyndir um kynin endurspegluðust að vissu leyti í umræðunni sem fór fram í íslensku samfélagi á haustdögum 2008. Eins og áður segir kviknaði sú hugmynd að vænlegast væri að konur myndu taka við stjórninni í fjármálafyrirtækjum þar sem þær byggju yfir öðrum eiginleikum en karlar. Í leiðara fyrsta tölublaðs *Kvennastjórnar tíðinda*, málgagni samtakanna *Neyðarstjórn kvenna* birtist til að mynda þetta viðhorf:

Það voru karlar sem leiddu þjóðina í þá stöðu sem hún er í dag og Kvennastjórnartíðindi telja augljóst að karlar munu ekki einir og sér koma

<sup>2</sup> „Women are more cautious and more thoughtful. I think men look more for high returns - which, of course, brings greater risk.“ (Management today, 2008)

<sup>3</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:21)





þjóðinni út úr þeirri stöðu. Oft og mörgum sinnum var bent á mikilvægi þess að konur jafnt sem karlar sætu í stjórnnum fjármálafyrirtækja. Við þessu skelltu menn skollaeyrum og konur voru sakaðar um svonefnda „áhættufælni“. Áhættuvarkárni, sem konur virðast hafa tileinkað sér í meira mæli en karlar, hefði hins vegar getað mýkt lendinguna til muna, ef ekki afstýrt hruninu.<sup>4</sup>

Undir þetta tóku forsvarskonur Auðar Capital í blaðaviðtali við breska dagblaðið *The Daily Mail* og sögðu að þar sem það hafi verið karlar sem komu íslensku þjóðinni í vandræði væri í raun rökrétt að setja endurreisnina í hendurnar á konum.<sup>5</sup>

Ýmsir veltu því fyrir sér hvort vera kynni að hrun fjármálakerfis heimsins hefði ekki verið eins mikið ef konur hefðu verið við stjórnvölinn í meiri mæli. Capacent Gallup lagði fyrir könnun í nóvember 2008 þar sem þessarar spurningar var spurt og í ljós kom að 62% svarenda könnunarinnar töldu að efnahagslífið í landinu væri betra ef fleiri konur hefðu stýrt fjármálafyrirtækjum landsins á liðnum árum.<sup>6</sup> Í erlendum dagblöðum voru skrifaðar greinar þar sem þessarar spurningar var spurt og í mörgum tilfellum var niðurstaðan sú að kynin væru í meginatriðum svo ólík að það væri vel hugsanlegt að aukin aðkoma kvenna hefði haft jákvæð áhrif.

Forsvarskonur Auðar Capital voru meðal þeirra sem höfðu trú á því að stjórnar- og viðskiptahættir kvenna væru það ólík starfsháttum karla að þeir hefðu bjargað fyrirtækinu frá gjaldþroti í kjölfar efnahagshrunsins. Þessar fullyrðingar rökstuddu þær með því að benda á ólíka eiginleika kynjanna og hvernig þeir nýttust við rekstur á fjármálafyrirtæki. Þeir eiginleikar sem voru eignaðir konum voru umhyggjusemi, áhættuvarkárni, samfélagsleg ábyrgð, sterk siðferðiskennd og heiðarleiki.<sup>7</sup> Karlar voru aftur á móti taldir eigingjarnir, áhættusæknir, óvarkárir og óábyrgir.<sup>8</sup> Þessir ólíku eiginleikar kynjanna þóttu benda til þess að skynsamlegast væri að konur tækju við stjórnnum fjármálafyrirtækja svo þær breytingar sem þóttu nauðsynlegar gætu átt sér stað.

Í einhverjum tilfellum var nærveru karla ekki óskað lengur og það talið nauðsynlegt að konur tækju við stjórninni. Það er því rökrétt að halda því fram að þeir eiginleikar sem þóttu æskilegir í stjórnnum fjármálafyrirtækja hafi verið eiginleikar sem aðeins konur gætu fært

<sup>4</sup> (Neyðarstjórn kvenna, 2008:2)

<sup>5</sup> (Thornhill, 2009)

<sup>6</sup> (Capacent rannsóknir, 2008)

<sup>7</sup> (BBC News, 2009)

<sup>8</sup> (Management today, 2008)



fram. Eiginleikarnir voru í það minnsta tengdir konum svo sterkt að aukin aðkoma þeirra að stjórnnum fjármálafyrirtækja í fortíðinni var talin hafa getað dregið verulega úr því efnahagshruni sem átti sér stað. Það þótti einnig ljóst að karlar byggju ekki yfir þeim eiginleikum sem nauðynlegir voru til að rétta samfélagið við aftur og því þótti aðkoma kvenna nauðsynleg. Það má velta því fyrir sér á hvaða forsendum þessum kynjamun var haldið fram. Í einhverjum tilfellum virðist sem líffræðilegur munur kynjanna hafi verið talinn vera ástæða þess að kynin hefðu svo ólíkt gildismat og byggju yfir svo ólíkum eiginleikum.

Bresk kona sem starfaði í fjármálageiranum í Bretlandi hélt því fram í *Management Today* að efnahagshrunið hafi í raun verið viðbúið vegna þess að karlar hafi hvergi getað fengið útrás fyrir orku sína.

Fyrr á öldum fengu ungir menn útrás fyrir þá auka orku sem þeir höfðu í stríðum.

Friðurinn sem hefur ríkt í Evrópu á síðustu árum bendir til þess að þess að losað hafi verið um þessa orku í fjármálageiranum. Það er hinn nýi vígvöllur og það kemur ekkert á óvart að þetta hafi farið úr böndunum.<sup>9</sup>

Þarna birtist ákveðin hugmynd um eðli karla. Því er haldið fram að þeir búi yfir svo mikilli orku að þeir verði að losa um hann með einhverjum hætti, fyrst þeir geta ekki losað um hana á vígvöllunum sé í raun viðbúið að illa fari á öðrum sviðum þar sem karlar voru áberandi. Þeir hafi getað notað fjármálamarkaðina til að fá útrás fyrir orku sem þeir hefðu annars getað losað um í stríðum eða á veiðum.

Forsvarskonur Auðar Capital voru sama sinnis og töldu að þeir eiginleikar kvenna sem nýttust þeim svo vel í rekstri sínum „væru í erfðaefninu“.<sup>10</sup> Þarna birtist sú hugmynd að konur, af líffræðilegum orsökum, væru gæddar öllum þeim kostum sem uppbygging samfélagsins krefðist. Þessir líffræðilegu eiginleikar kvenna gerðu það að verkum að stjórn fjármálafyrirtækjanna ætti að vera í höndum þeirra frekar en karla. Jóhanna Waage, stjórnarformaður Haga, taldi einnig að skýringuna á ólíkum viðskiptaháttum karla og kvenna væri að finna í ólíkri líffræði kynjanna. Hún sagði í viðtali að „þau gildi sem við komum með sem konur eru móðurlegu gildin, þeir styrkleikar sem koma með móðurhlutverkinu“.<sup>11</sup>

---

<sup>9</sup> „...in previous centuries the energy of young men had been absorbed by warfare. The relative peace in Europe in recent times means this energy has been diverted into the financial arena. 'That is the new battlefield,' she says. 'It is no surprise to me that things got out of control.'“ (Management today, 2008)

<sup>10</sup> (BBC News, 2009)

<sup>11</sup> (Sunderland, 2009)



---

Jóhanna virðist því telja að þeir styrkleikar sem konur hafa sem stjórnendur fyrirtækja séu styrkleikar sem þeim eru veittir í gegnum líffræðilega eiginleika sína.

Einhverjir töldu því að ástæðan fyrir ólíkum viðskiptaháttum karla og kvenna væri líffræðilegur en það er ekki hægt að ganga að því sem vísu að allir þeir sem töldu konur betur til þess fallnar að stjórna fjármálafyrirtækjum en karlar hafi gert það á þessum forsendum. Hugmyndin var útbreidd í samfélaginu og því má ætla að ástæðurnar fyrir því að fólk hafi aðhyllst hana hafi verið margar og mismunandi. Líklegt er að ekki hafi allir verið tilbúnir til að samþykkja að ástæðurnar fyrir ólíkri siðferðiskennd karla og kvenna væru líffræðilegar heldur afsprengi félagsmótunar en það er sú hugmynd sem löngum hefur verið sett fram sem andstaða við hugmyndina um líffræðilegan eðlismun kynjanna. Þetta er þó erfitt að fullyrða um enda var það mikill minnihluti sem tjáði sig um ástæður þess að hann teldi vera mun á kynjunum að þessu leyti.

Það má velta því fyrir sér hvort ekki væri hægt að aðhyllast slíka hugmynd á fleiri forsendum en líffræðilegri eðlishyggju og mótunarhyggju. Umhyggjusiðfræði Carol Gilligan er önnur hugmynd sem kemur upp í hugann en Gilligan færði rök fyrir því snemma á níunda áratug síðustu aldar að mælanlegur og greinilegur munur væri á siðferðiskennd karla og kvenna. Hér á eftir verða þessum hugmyndum gerð skil og reynt að komast til botns í því hvað þær feli í sér og hvað það þýði í raun og veru að telja mun kynjanna vera byggðan á hverri þeirra.

## Eðlishyggja

Sú hugmynd að umhyggjusemi og heiðarleiki séu eiginleikar sem bundnir eru í erfðafni kvenna eða háðir líffræði þeirra að einhverju leyti kallast eðlishyggja. Eiginleikarnir verða þá að líffræðilegri nauðsyn kvenna sem gerir það að verkum að hægt er að tala um að konur séu umhyggjusamar í eðli sínu. Eðlishyggja er hugmynd sem á rætur sínar að rekja til heimspeki Aristótelesar. Um hugmyndina er meðal annars fjallað í *Siðfræði Nikomakkosar*, *Um getnað dýra*, *Stjórnspekinni* og öðrum ritum Aristótelesar sem hann skrifaði á árunum 384 – 322 f. Kr.

Heimspeki Aristótelesar byggir að einhverju leyti á markhyggju (teleologia) þar sem hver hlutur hefur markmið sem hann stefnir að. Hann hefur tilgang og það er honum eðlislægt að þjóna þessum tilgangi sínum. Aristóteles tekur sem dæmi að hlutverk hnífs sé að skera vel og það er því markmið hans. Konan hefur að sama skapi ákveðið markmið eða tilgang með



lífi sínu og það er, samkvæmt Aristótelesi, að fæða börn. Samfélagslegt hlutverk konunnar ber þessu skýr merki og tilgangurinn með lífi hennar takmarkast af þessu. Þannig má segja að kyn konunnar, sem er það sem gerir henni kleyft að ala börn, skilgreini hana og hún einskorðist við að sinna líffræðilegu hlutverki sínu.<sup>12</sup> Aristóteles taldi hlutverk karla þó ekki einskorðast við líkamlega eiginleika þeirra eins og hjá konum heldur taldi hann hlutverk þeirra vera að láta til sín taka á opinberum vettvangi þar sem hann gæti virkjað skynsemi sína og notið sín sem best. Karlinn og konan sem andstæður á svipaðan hátt og náttúra og menning eða tilfinningar og skynsemi sýnir sig glögglega í hugmyndum Aristótelesar og í raun hafa allar eðlishyggju kenningar af þessu tagi í för með sér ákveðna tvíhyggju. Hvort kyn um sig verður fulltrúi ákveðinna eiginleika sem eru andstæðir eiginleikum hins kynsins.

Í bók sinni *Um getnað dýra* fjallaði Aristóteles um getnaðinn og hin ólíku hlutverk kynjanna í því sambandi. Aristóteles telur karlinn vera hinn virka aðila en að konan sé óvirk. Karlinn er í raun sá sem skapar en konan leggur ekkert til nema efnið, sem tekur svo á sig það form sem karlmaðurinn lætur frá sér. Það er aðeins konan sem getur gefið efnið en að mati Aristótelesar er það alls ekki jafn fullkomið og formið sem kemur frá karlinum. Aristóteles taldi sálina búa í forminu og tilheyrja karlinum þar sem það var karlinn sem lagði til formið. Hlutverk konunnar er ómerkilegt en nauðsynlegt og það mætti jafnvel kalla það illa nauðsyn.<sup>13</sup> Aristóteles segir jafnframt að „...við sjáum að það sem er skapað er skapað *af þeim* að sama leyti og rúmstæði er skapað af smiðnum og viði“<sup>14</sup> Framlag konunnar til getnaðarins er jafnt framlagi viðarins sem smiðurinn notar við vinnu sína. Það er þó ekki þar með sagt að hlutverk konunnar sé ekki mikilvægt í getnaðinum að mati Aristótelesar. Aðkoma konunnar er nauðsynleg svo getnaðurinn geti orðið en efnið sem hún gefur er ekki jafn mikilvægt og formið sem kemur frá karlmanninum.

Innan veggja heimilisins taldi Aristóteles að ákveðin verkaskipting kæmi til þar sem „hvor hefur sína dyggð“<sup>15</sup>. Hvort kyn hefur ákveðna eiginleika til að bera og þessir eiginleikar gefa kynjunum hlutverk sín. Samkvæmt hugmyndum Aristótelesar er dyggð konunnar fólgin í því að ganga með, fæða og ala upp börn. Þar sem karlinn býr yfir skynseminni samræmist það eðli hans að virkja hana á opinberum vettvangi. Aristóteles taldi þó að konur byggju yfir skynsemi en að þær væru ekki færar um að virkja hana á sama hátt og karlinn. Þar sem

---

<sup>12</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:23)

<sup>13</sup> (Cook, 1996:55)

<sup>14</sup> „...we see that the one thing which is formed is formed *from them* only in the sense in which a bedstead is formed from the carpenter and the wood.“ (Aristóteles, 1953: 729b15)

<sup>15</sup> (Aristóteles, 1995:1162a)



Aristóteles taldi það hlutverk skynseminnar að halda aftur af tilfinningunum, sem hann taldi jafnvel að gætu verið skaðlegar, er ekki að undra að karlmaðurinn hafi verið settur skör ofar í virðingastiganum en konan, sem var talin stjórnast af tilfinningunum vegna skorts hennar á skynsemi.<sup>16</sup> Það virðist sem það séu líffræðilegir eiginleikar konunnar sem ákvarði samfélagslega stöðu hennar að mati Aristótelesar. Líffræðilega er hún hæf til að ganga með börn og þar sem Aristóteles taldi framlag hennar til getnaðarins einskorðast við að gefa frá sér efnið er rökrétt að félagsleg staða konunnar takmarkist líka af þessum efnislegu eiginleikum hennar. Eðlishyggja er því gömul hugmynd en hún lifir þó ennþá góðu lífi. Hún hefur verið sérstaklega áberandi í umræðum um kyn og kyngervi í gegnum aldirnar og verið sem eitur í beinum femínista í gegnum aldirnar þar sem hún hefur verið notuð til að réttlæta bága samfélagslega stöðu kvenna.

Ásta Kristjana Sveinsdóttir fjallaði um eðlishyggju í fyrirlestri sem hún hélt á vegum Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum haustið 2001. Fyrirlesturinn bar heitið *Eðlishyggja í endurskoðun* en þar fjallaði Ásta um hvað í því fælist að aðhyllast eðlishyggju varðandi kyngervi. Samkvæmt skilningi Ástu eru þrjú skilyrði sem eiginleikar þurfa að uppfylla svo um eðlishyggju sé að ræða. Í fyrsta lagi þurfa þeir að vera þannig að þeir skilgreini einstaklinginn sem hluta af ákveðnum hópi. Eiginleikarnir tilheyra þá aðeins þessum hópi og þeir eru í raun það sem leyfir einstaklingi að tilheyra hópnum. Í öðru lagi þurfa eiginleikarnir að vera einstaklingnum svo mikilvægir að ef hann glatar þeim þá er í raun um nýjan einstakling að ræða og sá einstaklingur getur ekki tilheyrt hópnum sem almennt hefur tiltekna eiginleika til að bera. Í þriðja lagi þurfa eiginleikarnir að skýra hegðun einstaklinganna sem tilheyra hópnum. Það má máta þá eiginleika kvenna sem þóttu gera þær að svo góðum stjórnendum fjármálafyrirtækja við hugmyndir Ástu á eftirfarandi hátt:

1. Eiginleikarnir þurfa að vera þess eðlis að þeir geri konuna að konu. Allar konur þurfa að búa yfir þeim og þeir tilheyra engum öðrum en konum.<sup>17</sup> Talað er um umhyggjusemi, áhættumeðvitund og heiðarleika sem kvenlegu eiginleika, andstæða þeim gildum sem karlar standa fyrir. Í umræðunni er ljóst að heiðarleiki, áhættuvarkárni og umhyggjusemi eru eiginleikar sem eignaðir hafa verið konum og settir upp sem andstæður þeirra eiginleika sem karlar eru taldir búa yfir en það eru til að mynda áhættusækni og eigingirni. Þessir kvenlegu eiginleikar eru taldir

<sup>16</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:24)

<sup>17</sup> (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2001)



ástæða þess að aðkoma kvenna að stjórnnum fjármálafyrirtækja sé nauðsynleg og því virðist liggja í augum uppi að ef konur væru ekki taldar búa yfir þessum eiginleikum þætti erindi þeirra í slíkar stjórnir ekki jafn brýnt. Það þykir nauðsynlegt að hafa konur í stjórnnum fjármálafyrirtækja svo þessi sjónarmið geti notið sín yfir höfuð því það er talið ólíklegt að þetta séu gildi sem karlar búi yfir. Hér er vert að hafa í huga að hugmyndin var ekki sú að konur væru æskilegar í stjórnir fjármálafyrirtækja sem fyrirmyndir fyrir aðrar konur heldur eingöngu vegna þeirra eiginleika sem þær eru taldar búa yfir.

2. Eiginleikarnir þurfa að vera hverri konu eðlislægir og þess eðlis að ef kona glatar þessum eiginleikum er í raun um svo róttæka breytingu á henni að ræða að hún verður að nýjum einstaklingi.<sup>18</sup> Ef allar konur eru umhyggjusamar, heiðarlegar, meðvitaðar um samfélagslega ábyrgð sína og varfærnar í fjárfestingum þá virðist augljóst að missi kona þennan hæfileika er tæplega hægt að tala um hana sem konu lengur, hún hefur þá glatað þessum kvenlegu eiginleikum sínum og því ætti siðferðisvitund hennar að vera líkari siðferðiskennd karlmanns. Þetta hefur líka verið raunin. Í umræðunni um Auði Capital hefur til að mynda heyrst að þegar Kristín Pétursdóttir starfaði hjá Kaupþingi í London hafi hún verið „ein af strákunum“ þar sem hún stundaði viðskipti á sama hátt og þeir og jafnvel hefur verið talað um þær Kristínu og Höllu hjá Auði Capital sem „stelpur“, innan gæsalappa<sup>19</sup>, vegna þess að þeirra viðskiptahættir þykja ekki bera vitni um hina kvenlegu siðferðisvitund sem sífellt er hamrað á. Það virðist því vera, hvort sem hið kvenlega siðgæði er talið meðfætt eða ekki, að sú kona sem býr ekki yfir því eða sýnir það ekki í gjörðum sínum, sé einfaldlega ekki kona heldur karl eða í besta falli hvorki karl né kona. Það virðist því, af umræðunni að dæma, sem umhyggjusemi og áhættuvarkárni kvenna hafi í raun verið það sem kvenleikinn byggðist á.
3. Eiginleikarnir þurfa að vera þannig að þeir geti skýrt hegðun kvenna að einhverju leyti og séu þannig gagnlegir til að skilja konur.<sup>20</sup> Umhyggjusemi, áhættuvarkárni og heiðarleiki virðast vera taldir helsta ástæða þess að konur séu betri stjórnendur en karlar. Vísað er í þessa eiginleika kvenna þegar rökstyðja á hvers vegna aðkoma

<sup>18</sup> (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2001)

<sup>19</sup> (Silfur Egils, 2009)

<sup>20</sup> (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2001)



---

þeirra er nauðsynleg og því eru þeir í rauninni notaðir sem útskýring á því hvers vegna konur séu betur til þess fallnar að stjórna fjármálafyrirtækjum en karlar.

Samkvæmt hefðbundinni merkingu orðsins þurfa eiginleikarnir að vera líffræðilegir eða náttúrulegir.<sup>21</sup> Þetta atriði hefur þó verið umdeilt og ýmsir hafa reynt að færa rök fyrir því að í raun sé ekkert sem segi að eðli þurfi endilega að vera líffræðilegt. Eðlislægir eiginleikar séu í raun þeir eiginleikar sem gera einstaklingnum kleift að tilheyra ákveðnum hópi og það sé ekkert sem segi að þessir eiginleikar þurfi endilega að vera líffræðilegir eða náttúrulegir, samfélagið geti í raun skapað þessa eiginleika og eðlið því verið félagslegt.<sup>22</sup>

Stjórnendur Auðar Capital telja að heiðarleiki, umhyggjusemi og varkárni í fjármálum séu bundin í erfðaeftni kvenna, og séu því líffræðilegir eiginleikar. Þar að auki telur Jóhanna Waagfjörð að ástæða þess að konur séu góðar í að stjórna fjármálafyrirtækjum sé að þær hafi ákveðin gildi sem þeim eru veitt í gegnum móðureðlið. Þessar hugmyndir fela það í sér að eiginleikar kvenna eru taldir stjórnast af náttúrulegum orsökum og því er ljóst að þessar konur, í það minnsta, virðast hallar undir eðlishyggju. En hvað skyldi það fela í sér? Líklega myndu fæstir neita því að maðurinn hefði ákveðið eðli sem skilur hann frá öðrum dýrategundum en spurningin um ólíkt eðli kynjanna er öllu flóknari.

## Gagnrýni á eðlishyggju

Kynjakenning Aristótelesar átti sinn þátt í að móta viðhorf til kvenna langt fram eftir öldum og gerir jafnvel enn. Hugmyndir Aristótelesar, eða viðlíka hugmyndir annarra, um hina mismunandi eiginleika kynjanna hafa löngum verið notuð til að réttlæta bága stöðu kvenna í samfélaginu, oftast en ekki með skírskotun til líffræðilegra þátta.<sup>23</sup> Sem dæmi má nefna að ólík efnaskipti karla og kvenna voru notuð sem ástæður til að berjast gegn kosningarétti kvenna árið 1889. Þá var talið að konur geymdu alla umfram orku sem gerði þær latar, íhaldssamar, sinnulausar og áhugalausar um stjórnsmál á meðan karlar notuðu sína umfram orku og væru þess vegna ástríðufullir, drífandi, orkumiklir og áhugasamir um stjórnsmál og önnur samfélagsleg efni. Því var haldið fram að það væri ekki aðeins rangt að veita konum kosningarétt þar sem þær þóttu óhæfar um að hafa slík réttindi heldur líka tilgangslaust þar

---

<sup>21</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:27)

<sup>22</sup> (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2001)

<sup>23</sup> (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2001)



---

sem þær myndu ekki hafa áhuga á að nýta sér þau.<sup>24</sup> Þessi kenning var langt frá því að vera ný eða frumleg en bæði Georg Wilhelm Friedrich Hegel og Jean-Jacques Rousseau höfðu haldið á lofti viðlíka hugmyndum um að konur væru ekki færar um sömu hluti og karlar vegna þess hversu ólík líffræði karla og kvenna væri.<sup>25</sup> Það viðhorf til karla sem kemur fram í greininni í *Management Today* minnir að mörgu leyti á þetta viðhorf. Þar er einnig talað um umfram orku karla og að henni hefði þurft að finna einhvern farveg svo ekki færi fyrir fjármálakerfi heimsins eins og fórn. Þar er hins vegar ekki fjallað um orku kvenna eða að konur þurfi að fá útrás fyrir orku sína á neinum vettvangi. Sem bendir annað hvort til þess að þær búi ekki yfir þessari auka orku eða geti betur haft stjórn á henni.

Eðlishyggja er því hugmynd sem mörgum femínistum hefur reynst erfitt að sætta sig við þar sem hún hefur verið grundvöllur fyrir réttlætingu á bágrri stöðu kvenna í samfélaginu í gegnum aldirnar. Allt tal um eðli kynjanna eða mannlegt eðli, ef því er að skipta, virðist fela í sér þá hugmynd að eiginleikar einstaklinganna séu í raun óbreytanlegir og að það sé tilgangslaust að reyna að breyta þeim. Þannig er hægt að nota óbreytanlegt eðli kvenna sem réttlætingu fyrir óbreyttri samfélagsstöðu þeirra.<sup>26</sup>

Eðlishyggja hefur þó ekki aðeins verið óvinur, því hún lá að einhverju leyti til grundvallar hugmyndafræði Kvinnalíftans á sínum tíma. Þar var áherslan lögð á að hin mjúku og kvenlegu gildi ættu að fá að njóta sín í samfélaginu til jafns við hin harðari gildi sem almennt einkenndu karlmenn.<sup>27</sup> Íslensk kvinnabaráttan hafði lagt áherslu á jafnrétti kynjanna þar sem konur og karlar hefðu sömu réttindi en það þótti konunum hjá Kvinnalíftanum ekki nóg. Þær vildu heldur að sérstakt tillit yrði tekið til ólíkrar líffræðilegrar gerðar karla og kvenna og hinna ólíku reynsluheima kynjanna. Konur þyrftu sjálfar að geta tjáð sínar eigin þarfir sem taka þurfti tillit til. Kvinnalíftakonur töldu konur búa yfir dýrmætri reynslu sem gerði það að verkum að sýn þeirra á heiminn varð önnur en sýn karla, líffræðilegir eiginleikar kvenna gerðu það að verkum að reynsluheimur þeirra var annar en karla og því var verðmætamat kynjanna talið ólíkt. Nú virðist sem ákveðin eðlishyggja búi að baki umræðunni um konur sem stjórnendur fjármálafyrirtækja. Þar birtist eðlishyggjan til að mynda í þeirri hugmynd að konur séu umhyggjusamari en karlar, sjái önnur fjárfestingartækifæri, hafi sterkari siðferðiskennd og séu að einhverju leyti mótaðar af þeirri staðreynd að þær hafi líkamlega burði til að ganga með börn.

---

<sup>24</sup> (Mikkola, 2008)

<sup>25</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:24-25)

<sup>26</sup> (Holmstrom, 1986:51)

<sup>27</sup> (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2001)





---

Eitt vandamál við eðlishyggju er að allar skilgreiningar út frá henni þurfa að ná yfir allar konur, alltaf, alls staðar til að geta átt við. Þar að auki er hætt við að þær útiloki ákveðna einstaklinga sem uppfylla ekki allar þær kröfur sem nauðsynlegar eru, en við viljum þó gjarna að teljist sem hlutar af ákveðnum hópi. Sem dæmi má nefna að hæfileikarnir til að hugsa rökrétt og beita skynsemi hafa verið nefndir sem hluti af mannlegu eðli. Ef við föllumst á það þurfum við að samþykkja að allir menn hugsu rökrétt og séu færir um að beita skynsemi og að ef einhver eigi að teljast til manna þurfi hann að búa yfir þessum eiginleikum. Ef um er að ræða börn sem deyja mjög ung eða afar þroskahefta einstaklinga sem eru ófærir um að beita bæði rökhugsun og skynsemi þá verðum við að fallast á, samkvæmt skilgreiningum eðlishyggjunnar, að þeir einstaklingar séu ekki menn og hafi því enga hlutdeild í mannlegri tilvist.<sup>28</sup>

Það sama gildir um þá eiginleika sem taldir eru svo jákvæðir í fari kvenna í stjórnnum fjármálafyrirtækja. Ef kona er ekki umhyggjusöm og heiðarleg er ljóst að hún býr ekki yfir þessum góðu kvenlegu gildum og er því ekki góð kona, ef hún telst vera kona yfir höfuð. Það virðist því sem eðlishyggja sé að minnsta kosti ekki gagnleg sem skilgreining á ákveðinni tegund eða hópi. Með því að segja til um hvernig konur séu að upplagi erum við á sama tíma að segja hvernig konur eigi að vera.<sup>29</sup> Ef konur, af náttúrulegum orsökum, eru umhyggjusamar og heiðarlegar þá hlýtur það að hafa í för með sér að það sé óeðlilegt ef konur búa ekki yfir þessum eiginleikum. Þannig geta eðlishyggjuskilgreiningar af þessu tagi skapað væntingar um hvernig konur og karlar eigi að vera og þannig þrýst á að þau hagi sér samkvæmt hinum fyrirframgefnu hugmyndum eða jafnvel verið notaðar til að afsaka hegðun sem er talin óæskileg eða óábyrg. Svo virðist sem ummæli Höllu Tómasdóttur um hina nauðgandi víkinga séu að einhverju leyti eins konar afsökun fyrir hina íslensku útrásarvíkinga sem voru í raun bara að bregðast við eins og eðli þeirra bauð þeim að gera. Þeir höfðu í raun ekkert val þar sem þeir höfðu ákveðnar hvatir, af erfðafræðilegum ástæðum, sem þeir urðu að fá útrás fyrir.

Annar ágalli á eðlishyggjunni er sá að hún felur í sér að eðlið sé náttúrulegt eða líffræðilegt. Margir eiginleikar okkar, sem eru í raun afurð félagsmótunar, eru svo djúpstæðir að okkur hættir til að telja þá náttúrulega.<sup>30</sup> Þetta á ekki síst við um mótun kynferðis því líffræðilega virðist vera fátt sem allar konur eiga sameiginlegt en karla skortir. Vissulega má

---

<sup>28</sup> (Þóra Sigurðardóttir, 2004:41)

<sup>29</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:29)

<sup>30</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:28)



má nefna hin ólíku kynfæri kynjanna, en þá vaknar spurningin um skýringargildi þeirra. Ef við gefum okkur að siðferðiskennd kynjanna sé ólík getur það þá hugsast að siðferðiskennd kvenna mótist af þeirri staðreynd að þeim er líffræðilega mögulegt að ganga með og fæða börn? Eða skyldi það vera meðgangan og fæðingin sem eru helstu áhrifavaldar í þessu sambandi? Þar sem Jóhanna Waagfjörð, stjórnarformaður Haga, hélt því fram að hún byggi yfir þessum móðurlegu eiginleikum þrátt fyrir að hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að eignast ekki börn<sup>31</sup> hlýtur niðurstaðan að vera sú að það geti ekki verið reynslan af móðurhlutverkinu sem veldur þessum mun á siðferðiskennd kynjanna. Að minnsta kosti telur hún að þessir móðurlegu eiginleikar séu öllum konum sameiginlegir, ekki aðeins þeim sem hafa eignast börn. Eftir stendur að það séu líffæri kvenna sem gera það að verkum að siðferðiskennd þeirra er með þeim hætti sem hún er. Það virðist ólíklegt að sú staðreynd að konur hafa eggjastokka hafi það í för með sér að þær hafi sterkari siðferðiskennd en karlar eða að siðferðiskennd kvenna breytist eftir tíðahvörf. Ef kynfæri kvenna gera þær umhyggjusamari þá ætti siðferðiskennd kvenna sem af einhverjum ástæðum hafa þau ekki eða geta ekki eignast börn að vera frábrugðin siðferðiskennd þeirra kvenna sem hafa slík líffæri og eru færar um barnsburð.

Að halda því fram að siðferðiskennd kvenna sé beintengd þeim líffærum sem konur hafa minnir um margt á hugmynd Aristótelesar og í raun má segja að með slíkum hugmyndum sé verið að gera kyn konunnar að hlutskipti hennar. Öll hennar tilvera stjórnist af þessum eiginleikum og meira að segja persónuleika konunnar sé settar skorður vegna þess að hún hefur náttúrulega burði til að ganga með börn. Samkvæmt þessu viðhorfi gera líffræðilegir eiginleikar kvenna það að verkum að þeim er eignað ákveðið hlutverk og ákveðnir eiginleikar, líkt og í kenningu Aristótelesar. Þar sem konur byggja siðferðismat sitt ekki allar á sömu forsendum hljótum við að þurfa að setja ákveðið spurningamerki við þá fullyrðingu að siðferðiskennd þeirra sé líffræðileg. Ef svo væri hlyti siðferðiskennd kvenna að vera sú sama, burtséð frá öllum félagslegum eða menningarlegum aðstæðum. Það virðist því liggja í augum uppi að siðferðiskennd kvenna getur tæplega verið byggð á líffræði þeirra þar sem konur hafa ólíka siðferðiskennd innbyrðis.

Það virðist vera erfitt að samþykkja þá hugmynd að umhyggjusemi og áhættuvarkárni séu eiginleikar sem eru konum meðfæddir. Ef svo væri væru það eiginleikar sem sannarlega allar konur byggju yfir en ljóst er að svo er ekki þar sem meira að segja æðstu stjórnendur

---

<sup>31</sup> (Sunderland, 2009)



Auðar Capital hafa gerst sekar um að taka áhættu í viðskiptum og í raun að stunda viðskipti á nákvæmlega sama hátt og karlkyns starfsfélagar þeirra. Það er líka tiltölulega auðvelt að fallast á að konur eru ólíkar á milli menningarsvæða og á mismunandi tímum og því virðist erfitt að samþykkja að hegðunarmynstur þeirra sé skapað algjörlega af náttúrulegum orsökum.<sup>32</sup> Þar að auki setur líffræði manningnum afar víðar skorður og fæstir nýta sér möguleika sína til fulls. Því er tæplega hægt að halda því fram að það sé stór líffræðilegur munur á eiginleikum kynjanna.<sup>33</sup> Það er þó ekki þar með sagt að við þurfum endilega að hafna hugmyndinni um að konur búi yfir eiginleikum sem karlar hafa ekki og að þeir eiginleikar geri það að verkum að konur ættu frekar að stjórna fjármálafyrirtækjum en karlar. Þó svo að því sé hafnað að ástæðan sé líffræðileg geta eiginleikarnir vel verið til staðar. Í gegnum tíðina hefur eðlishyggja verið talin andstæðan við mótunarhyggju, en það er sú hugmynd að persónuleiki og eiginleikar einstaklingsins séu skapaðir af samfélaginu en séu ekki afleiðingar líffræðilegra orsaka. Því er ekki hafnað að konur og karlar hafi ólíka eiginleika heldur talið að ástæður þessa séu ekki líffræðilegur munur kynjanna heldur ólík meðferð sem kynin fá í samfélaginu allt frá fæðingu.

## Félagsmótun

Þó að forsvarskonum Auðar Capital og stjórnarformaður Haga hafi haldið því fram að ástæðurnar fyrir muninum á körlum og konum væru fyrst og fremst líffræðilegar er ekki þar með sagt að allir hafi verið sammála því og það er ekki nauðsynlegt að aðhyllast líffræðilega eðlishyggju til að halda hugmynd á borð við þessa á lofti. 62% svarenda skoðanakönnunar Capacent töldu að Íslendingum hefði farnast betur ef konur hefðu stýrt fjármálafyrirtækjum í meiri mæli á síðastliðnum árum og þeir svarendur höfðu líklega ýmsar og ólíkar ástæður til að halda slíku fram. Ekki kemur fram á hvaða forsendum þetta fólk hafði þessa trú á stjórnunarhæfileikum kvenna en það er vert að athuga hvort mögulegt geti verið að það sé á forsendum félagsmótunar, hvort uppeldisleg áhrif eða viðhorf samfélagsins geti haft þessi áhrif.

Kyn og kynferði voru aðskilin þegar Simone de Beauvoir gaf út bók sína *Hitt kynið* en þar færði hún rök fyrir því að í raun væri um tvo ólíka hluti að ræða. Líkami einstaklingsins gæfi til kynna hvort hann væri karlkyns eða kvenkyns en kynferði væri það hlutverk sem

<sup>32</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:28)

<sup>33</sup> (Andersen, 2006:26-27)



einstaklingurinn léki í samfélaginu og að það réðist gjarna af kyni hans. Samfélagið kæmi fram við kynin með ólíkum hætti, gerði ólíkar kröfur til þeirra og það hefði áhrif á sjálfsmynd einstaklinganna og mótaði persónuleika þeirra. Þær væntingar sem samfélagið hefði til einstaklinga réðist í raun af kyni þeirra þar sem kynið ákvarðaði kyngervi einstaklingsins og því var það að vera karlkyns eða kvenkyns náttúrulegt en það að vera karl eða kona félagsleg túlkun þessara líffræðilegu staðreynda. Strax við fæðingu byrjar uppbygging kynferðisins þar sem foreldrar og fjölskylda, fjölmiðlar, vinir, menntakerfið og í raun allar stofnanir samfélagsins setja fram væntingar sínar til hvors kyns um sig sem móta einstaklinginn og hafa áhrif á mótun persónuleika hans, hvers konar manneskja hann verður og hvaða tækifæri honum bjóðast.<sup>34</sup>

Það væri vel hægt að halda því fram að konur væru betur til þess fallnar en karlar að stjórna fjármálafyrirtækjum af þessum sökum. Sá sem héldi slíku fram myndi þá líklega telja að umhyggjusemi, varkárni og heiðarleiki væru eiginleikar sem samfélagið miðlaði til kvenna og gerði það að verkum að konur, almennt, þróuðu með sér þessa eiginleika. Samfélagslegur þrýstingur gerði það því að verkum að konur og karlar þróuðu með sér ólíka eiginleika fremur en að munurinn á kynjunum væri líffræðilegur.

Mótunarhyggja eins og sú sem hér hefur verið lýst er almennt talin vera andstæðan við eðlishyggjuna og hefur almennt verið femínistum þóknanlegri. Það má þó velta því fyrir sér hvort það sé endilega ákjósanlegra að munurinn á kynjunum sé skapaður af samfélaginu en að hann eigi sér náttúrulegar orsakir. Ein ástæða þess að mikilvægt þótti að aðgreina kyn og kyngervi var að sýna fram á að hlutskipti kvenna í samfélaginu væri alls ekki náttúrulegt heldur væru rætur þess félagslegar og því væri hægt að breyta þessu ástandi með viðhorfsbreytingu í samfélaginu. Það er þó ekki gefið að það sé neitt einfalt eða auðvelt við slíka viðhorfsbreytingu og ef til vill væri auðveldara að eiga við kynjamisrétti sem væri orsakað af náttúrulegum mun kynjanna. Lyfjagjafir og erfðabreytingar eru ef til vill auðveldari viðfangs en viðhorfsbreyting í heilu samfélagi.

Það er ljóst af umræðunni sem átti sér stað í íslensku samfélagi í kjölfar bankahrunsins að trúin á getu kvenna til að endurreisa fjármálalíf landsins var mikil. Að sama skapi var mikill þrýstingur á að konur hegðuðu sér í samræmi við þessar væntingar og sýndu ekkert af sér nema fyrirmyndar hegðun. Sérstaklega var mikilvægt að þær gerðust ekki sekar um að búa yfir eiginleikum á borð við græðgi eða eiginhagsmunasemi því það virtist fela í sér að varla

---

<sup>34</sup> (Andersen, 2006:27)



væri hægt að tala um þær sem konur. Þær konur sem bjuggu ekki yfir þeim eiginleikum sem konum voru eignaðir voru því í raun ekki góðar konur og jafnvel ekki konur yfir höfuð. Þær Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir voru í það minnsta sakaðar um að vera ókvenlegar þegar í ljós kom að viðskiptahættir þeirra höfðu verið með sama móti og viðskiptahættir karlkyns starfsfélaga þeirra. Því má segja að þeir eiginleikar sem konum voru eignaðir hafi í raun farið að gegna því hlutverki að vera mælikvarði á hvort einstaklingur gæti talist vera kona eða ekki. Það virðist því sem þessar kröfur til kvenna uppfylli skilyrði eðlishyggjunnar að einhverju leyti, þó svo að ekki sé talið að orsakirnar séu líffræðilegar eða náttúrulegar. Getur þá verið um eðlishyggju að ræða?

## Félagslegt eðli?

Það er ljóst að félagsmótun hefur mikil áhrif á einstaklingana og sumir telja að í raun sé hægt að tala um félagslegt eðli. Þá er því haldið fram að félagsmótunin hafi svo djúpstæð áhrif á skapgerð og persónuleika einstaklinganna að í raun sé um eðlishyggju að ræða, jafnvel þó við teljum að konur og karlar búi yfir ólíkum eiginleikum vegna félagsmótunar.<sup>35</sup> Þeir eiginleikar kynjanna sem samfélagið lætur þeim í té verða einstaklingunum þá svo eðlilegir að það má í raun líta á þá sem „náttúrulega“ eða „eðlislæga“. Samfélagið mótar einstaklinginn á þann hátt að honum reynist í raun ógerlegt að haga sér á annan hátt en samfélagið telur tilhlýðilegt. Félagsmótunin hefur skapað eiginleika sem virðast vera einstaklingnum eðlislægir. Eðlið er þá í raun ekki líffræðilegt heldur afurð félagsmótunar en um það gilda þó hin þrjú skilyrði eðlishyggjunnar. Í tilfalli kvenna eru það eiginleikarnir sem um ræðir gera konuna að konu, hún getur ekki talist kona án þeirra og þeir útskýra hegðun kvenna.

Í raun er ekkert í hinum þremur skilyrðum eðlishyggjunnar sem segir að eðlið þurfi að vera líffræðilegt og sumir heimspekingar hafa sett ákveðið spurningamerki við þá tilhneigingu að setja eðlishyggju og mótunarhyggju upp sem andstæður. Því er þá haldið fram að eðlishyggja og mótunarhyggja geti vel farið saman ef eðlishyggjan er félagsleg. Þarna er því nauðsynlegt að gera greinarmun á líffræðilegri nauðhyggju (biological determinism) og eðlishyggju. Í þessu tilfalli felur líffræðileg nauðhyggja það í sér að kyn einstaklingsins ákvarði örlög hans, að það sé eitthvað í líffræði hans sem setji honum ákveðin mörk. Einstaklingurinn getur þá, af líffræðilegum ástæðum, verið dæmdur til umhyggjusemi, óábyrgrar hegðunar, stjórn málaáhuga eða leti. Líffræðileg nauðhyggja samhliða eðlishyggju

<sup>35</sup> (Þóra Sigurðardóttir, 2004:42)



---

hlýtur alltaf að vera andstaða félagsmótunar en eðlishyggja sem slík getur vel farið með mótunarhyggju ef við samþykkjum að hægt sé að tala um eðli sem ekki á sér líffræðilegar orsakir. Það eðli er þá aðeins byggt á hinum þremur skilyrðum eðlishyggjunnar.<sup>36</sup>

Þetta gerir það að verkum að á hinu félagslega eðli eru svipaðir ágallar og á líffræðilegu eðli. Það útilokar einstaklinga sem búa ekki yfir hinum æskilegu eiginleikum, gerir ráð fyrir því að allar konur og allir karlar hegði sér á sama hátt og þeir eiginleikar sem hvoru kyni hafa verið veittir af samfélaginu verða skilgreinandi fyrir þau. Það má þó halda því fram að samkvæmt hinu félagslega eðli sé meira tillit tekið til menningarlegs eða sögulegs munar á milli einstaklinganna þar sem það er alltaf hvert og eitt samfélag sem skapar hina eðlislægu eiginleika. Samkvæmt líffræðilegri eðlishyggju eru þessir eiginleikar bundnir við sitthvort kynið, burtséð frá menningarlegum, sögulegum eða aðstæðulegum muni. Þannig verður eðli kvenna sem búa í sama samfélagi eins en ekki endilega á milli allra kvenna.

Önnur hugmynd en þær sem reifaðar hafa verið hér að ofan er sú að sjálfsmynd kynjanna mótist með ólíkum hætti strax í frumbersku. Sú hugmynd, sem birtist einna helst í kenningu Carol Gilligan, virðist liggja einhvers staðar mitt á milli eðlishyggju og mótunarhyggju. Hún gerir ekki ráð fyrir því að konur fæðist tilfinningasamar eða að karlar fæðist sjálfstæðir en heldur ekki að skapgerð og eiginleikar einstaklingsins séu alveg háðir menningarlegum og samfélagslegum aðstæðum. Því er haldið fram að sjálfsmynd kynjanna verði til við tengslamyndun í frumbersku sem sé ólík á milli kynjanna. Umhyggjusiðfræðin tekur ekki eins mikið tillit til félagslegra, sögulegra eða menningarlegra aðstæðna og mótunarhyggjan og því má halda því fram að hún sé eins konar millivegur þarna á milli. Hugmyndin er því að munur sé á milli kynjanna en því er hvorki haldið fram að ástæður hans séu að öllu leyti líffræðilegar né að þær séu eingöngu háðar þeim félagslegu aðstæðum sem ríkja hverju sinni.

## Umhyggjusiðfræði

Ljóst er að ein af ástæðum þess að margir telja konur vera hæfari til að stjórna fjármálafyrirtækjum er sú að þær eru almennt taldar umhyggjusamari og betri í að meta aðstæður hverju sinni en karlmenn. Þessar hugmyndir um eðli og eiginleika kvenna eru flestum vel kunnugar og teljast líklega til hversdagslegra sanninda í hugum margra. Þær lágu að einhverju leyti til grundvallar kenningu Carol Gilligan um mismunandi siðgæði karla og

---

<sup>36</sup> (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2001)



---

kvenna sem kom fram snemma á níunda áratugnum<sup>37</sup> og líkindi á milli kenninga Gilligan og hinnar hversdagslegu hugmyndar um að konur væru betur til þess fallnar að stjórna fjármálafyrirtækjum eru nokkur. Í báðum tilfellum er byggt á ólíkri siðferðiskennd kynjanna þar sem umhyggja fyrir öðrum liggur siðferði kvenna til grundvallar en hún stjórnar siðferðiskennd karla ekki í sama mæli. Lítum nánar á kenningu Gilligan.

Carol Gilligan byggir á kenningu í þroskasálfræði um að konur virðist sjaldnar ná æðstu þrepum siðferðisþroska en karlar en þau voru álitin byggjast á hæfni til að komast að rökréttri niðurstöðu sem byggðist á algildum lögmálum, réttindum og skyldum en konur sýndu meiri hluttekningu og töku tillit til aðstæðna hverju sinni. Þær virtust því fella siðferðisdóma sína út frá umhyggju fyrir öðrum. Gilligan mótmælti því að þessi sýn kvenna á siðferðisleg álitamál væri á einhvern hátt óæðri lögmálhugsun karla en taldi hana jafn rétháa þó hún væri öðruvísi.<sup>38</sup>

Þó umhyggjusiðfræði hafi af sumum verið kölluð kvennasiðfræði taldi Gilligan þetta viðhorf ekki edlislægt eða náttúrulegt kvennaviðhorf, heldur að hinar ólíku siðferðiskenndir karla og kvenna væru afleiðing ólíkrar mótunar kynjanna í frumbersku þar sem telpur móti sjálfsmynd sína í sambandi við móðurina vegna þess hversu mjög þær samsama sig mæðrum sínum en drengir hins vegar móti sína sjálfsmynd sem andstæðu móðurinnar og aðgreini sig frá henni. Þessi áhrif eru svo talin vera ástæða þess að karlar eigi erfiðara með að mynda persónuleg tengsl en konur en séu aftur á móti sjálfstæðari, og öfugt.<sup>39</sup>

Hugmyndir Gilligan eru ekki svo ósvipaðar kenningum dygðasiðfræðinga. Rétt eins og umhyggjusiðfræðin hafnar dygðasiðfræðin að einhverju leyti þeim algildu siðalögmálum sem hafa verið ráðandi í siðfræðinni og leggur meiri áherslu á hvernig einstaklingur sé best að vera frekar en hvernig sé best að haga sér í tilteknum kringumstæðum. Dygðasiðfræðin er að mörgu leyti endurvakning á siðfræði Aristótelesar og einbeitir sér því að mannum sem heild fremur en einstökum atvikum eða breytni. Dygðasiðfræði hafnar því að einstaklingar sýni af sér siðferðilega góða hegðun vegna þess að afleiðingar þess muni hámarka hamingju einhverra líkt og fylgismenn nytjastefnunnar myndu halda fram eða að þeir geri það vegna þess að þeir séu að fylgja óbreytanlegri siðareglu. Samkvæmt dygðasiðfræðinni framkvæma einstaklingarnir vegna þess að breytnin er í samræmi við tiltekna dygd sem einstaklingurinn býr yfir. Dygðin er þá hluti af persónuleika einstaklingsins og þarf að vera rótgróið

---

<sup>37</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:49)

<sup>38</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:53)

<sup>39</sup> (Gilligan, 1982:8)



---

persónueinkenni svo hægt sé að tala um hana sem dygð.<sup>40</sup> Það mætti því halda því fram að konur byggju almennt yfir dygðum af þessu tagi sem gerðu það að verkum að þær hegðuðu sér almennt á máta sem væri siðferðilega æðri hegðun karla. Það myndi þó þýða að dygðirnar, í þessu tilfalli heiðarleiki og umhyggjusemi, þurfa að vera eiginleikar sem eru konum í raun eðlislægir. Það er að segja, þeir eru djúpstæðir, órjúfanlegur hluti af persónuleika einstaklingsins og í raun óbreytanlegir. Þannig virðist Gilligan í raun gera ráð fyrir því að konur búi yfir öðrum dygðum en karlar og að það sé ástæða þess að þær séu taldar hæfari til að stjórna fjármálafyrirtækjum en karlar. Við þurfum því í raun að fallast á þá hugmynd Gilligan að persónuleikar kynjanna mótist með ólíkum hætti til að geta samþykkt að þau hafi ólíkar dygðir.

### **Gagnrýni á umhyggjusiðfræði**

Augljós ágalli á kenningu Gilligan er að hún gerir ráð fyrir því að börn séu alin upp af mæðrum sínum, eða að minnsta kosti af konum, og til að hún fái staðist þarf að vera mælanlegur munur á skapgerð barna sem eru alin upp af konum og körlum. Það virðist ekki vera að drengir sem aldir eru upp hjá karlmönnum séu umhyggjusamari eða næmari á aðstæður en aðrir eða að stúlkur sem aldar eru upp hjá feðrum sínum séu endilega sjálfstæðari en aðrar stúlkur. Ef við höfnum því hljótum við að þurfa að fallast á að það séu fleiri þættir sem hafa áhrif á siðferðiskennd en einungis kyn, svo sem menningarlegur eða félagslegur bakgrunnur. Ýmsir þroskasálfræðingar telja að ekki sé hægt að sjá nokkurn siðferðismun á kynjunum heldur skipti menntun eða þjóðfélagsstaða viðkomandi mun meira máli.<sup>41</sup>

Gilligan hefur verið gagnrýnd, meðal annars fyrir að ýkja svör viðmælenda sinna og fyrir að byggja niðurstöður sínar á könnun sem hún gerði meðal ófrískra kvenna sem stóðu frammi fyrir því að ákveða hvort þær ættu að fara í fóstureyðingu. Sú gagnrýni byggir helst á því að slík ákvörðun sé fyrst og fremst byggð á mati á aðstæðum og umhyggju og því sé ekki hægt að fallast á það að ákvarðanir kvenna sem standa frammi fyrir því að taka ákvörðun um fóstureyðingu endurspegli á nokkurn hátt siðferðiskennd kvenna almennt. Konurnar hafi verið í aðstæðum þar sem flestir, bæði konur og karlar, myndu byggja ákvarðanir sínar á aðstöðumati fremur en hugmyndum um réttlæti. Því sé ósanngjarnt að ætla ákvörðunum

---

<sup>40</sup> (Hursthouse, 2007)

<sup>41</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:54)





---

þessara kvenna í þessum tilteknu aðstæðum að endurspegla siðferðiskennd allra kvenna.<sup>42</sup> Feministar hafa einnig gagnrýnt Gilligan fyrir að gera „kvenlegum dygðum“ hátt undir höfði, dygðum sem hafa í gegnum tíðina verið tengdar við konur og notaðar sem réttlætning fyrir því að halda konum inni á heimilunum. Í því sambandi má til að mynda nefna umhyggjusemi kvenna fyrir öðrum sem hefur löngum verið notuð sem réttlætning fyrir því að halda konum inni á heimilunum.<sup>43</sup>

Umhyggjusiðfræði var sett fram sem andstæða við ríkjandi hefðir í siðfræði; reglusiðfræði og afleiðingasiðfræði. Gilligan taldi að nauðsynlegt væri að taka frekar tillit til aðstæðna hverju sinni en hugsa siðferðileg málefni ekki alltaf út frá algildum siðalögmálum og að siðferðiskennd kvenna þyrfti ekki að vera lakari þó svo að hún byggði á aðstæðubundnu mati fremur en algildum siðareglum. Ef við föllumst á að siðferðiskennd kvenna stjórnist frekar af aðstæðumati og umhyggjusemi en algildum reglum virðumst við einnig þurfa að samþykkja að breytni kvenna stjórnist af tilfinningum frekar en skynsemi, að minnsta kosti að einhverju leyti. Skynsemin leikur þá að minnsta kosti ekki jafn stórt hlutverk í siðadómum kvenna og karla. Kenningin styður þannig að vissu leyti kenningar heimspekinga sem hafa talið konur stjórnast af tilfinningasemi frekar en skynsemi og réttlætt þannig samfélagslega stöðu þeirra í gegnum aldirnar.

Það má vel halda því fram að í raun sé kenning Gilligan eðlishyggjukenning, þrátt fyrir að hún haldi því ekki fram að hin ólíka siðferðiskennd kynjanna sé sprottin af líffræðilegum orsökum. Kenningin byggir á því að hin líffræðilega ólíku kyn hafi mismunandi siðferðiskennd vegna hinna ólíku tengsla sem börn mynda við mæður sínar. Siðferðiskenndin er mótuð í frumbernsku en í raun má segja að hún sé óbreytanleg eftir það. Með sömu rökum og eru færð fyrir hinu líffræðilega eðli má því segja að kenning Gilligan sé eðlishyggju kenning. Það er ekkert í skilyrðum eðlishyggjunnar sem segir að eðli þurfi nauðsynlega að vera líffræðilegt heldur er lögð áhersla á mikilvægi tiltekinna eiginleika fyrir einstaklinga svo þeir geti talist sem hluti af ákveðnum hópi. Þar sem talið er að konur felli siðadóma sína út frá umhyggju fyrir öðrum má því halda því fram að umhyggjusemin sé orðin forsenda fyrir því að einstaklingar teljist til kvenna.

---

<sup>42</sup> (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001:54-55)

<sup>43</sup> (Larabee, 1993:5)



---

## Niðurstöður

Hvers konar hugmynd er það þá sem birtist um kynin, og þá aðallega í konur, í umræðunni um mikilvægi þess að konur tækju stjórnina í fjármálafyrirtækjum landsins? Það virðist sem í nær öllum tilfellum virðist þessum kynjamun verið haldið fram á forsendum eðlishyggju. Það er ekki þar með sagt að það sé alltaf gert á forsendum hinnar hefðbundnu líffræðilegu eðlishyggju en sú hugmynd sem liggur til grundvallar, í öllum tilfellum, er að það séu ákveðnir eiginleikar sem eru þess eðlis að þeir geri konuna að konu. Til að fá að teljast vera kona þarf einstaklingurinn að búa yfir ákveðnum eiginleikum. Í þessu tilfelli eru það eiginleikar sem hafa í gegnum tíðina verið tengdir við „hina góðu konu“ svo sem umhyggjusemi og ábyrgð.

Í sumum tilfellum er um að ræða líffræðilega eðlishyggju þar sem því er haldið fram að ólíkt gildismat eða siðferðiskennd kynjanna sé orsakað af ólíkum líffræðilegum eiginleikum þeirra. Þetta viðhorf sést til að mynda í hugmyndum forsvarskvenna Auðar Capital sem töldu að þeir eiginleikar þeirra sem hefðu bjargað fyrirtækinu frá kreppunni væru „í erfðaefninu“. Það sést líka í orðum Jóhönnu Waagfjörð sem taldi þessa eiginleika vera eitthvað sem konur kæmust í tengsl við í gegnum móðureðlið. Hin líffræðilega eðlishyggja var líka notuð sem nokkurs konar afsökun eða réttlætning á framferði karla á fjármálamörkuðum á síðustu árum. Vísað var í þá umfram orku sem karlar búa yfir sem ástæðu fyrir því að þeir hafi farið fram úr sér í viðskiptalífinu. Á þessari hugmynd eru þeir ágallar að hún felur í sér að siðferðiskennd eða gildismat kvenna sé alltaf eins, jafnvel á milli menningarsvæða eða á mismunandi tímum. Eðlishyggjan getur líka verið útilokandi þar sem ákveðnir einstaklingar, sem almennt teljast tilheyra tilteknum hópi, búa ekki alltaf yfir þeim eiginleikum sem taldir eru nauðsynlegir. Þar fyrir utan hefur eðlishyggja verið notuð til að réttlæta bága samfélagsstöðu kvenna í gegnum aldirnar.

Félagsmótun er venjulega teflt fram sem andstæðunni við eðlishyggju og sú hugmynd hefur almennt höfðað frekar til femínista. Hún eins konar mótsvar við þeirri hugmynd að staða kvenna sé réttlæt看leg í ljósi líffræðilegra eiginleika þeirra og þeir sem aðhyllast hana telja að kynferðið sé mótað af samfélaginu. Þá er því ekki hafnað að kynin hafi ólíka eiginleika heldur er því haldið fram að ólíkir eiginleikar þeirra séu afsprengi félagsmótunar, frekar en ólíkra líffræðilegra eiginleika. Því ætti að vera hægt að lagfæra félagslega stöðu kvenna með viðhorfsbreytingu í samfélaginu. Það má þó deila um hvort það sé í raun og veru auðveldara að lagfæra stöðu kvenna í gegnum slíka viðhorfsbreytingu en með



---

erfðabreytingum eða lyfjagjöfum. Af þessum orsökum hefur því verið haldið fram að um ákveðna eðlishyggju sé að ræða í þessu tilfalli líka, þó svo að talið sé að ólíkir eiginleikar kynjanna stafi af félagsmótun. Svo hægt sé að fallast á það þurfa eiginleikarnir þó að uppfylla ákveðin skilyrði sem eðlishyggjan setur. Eiginleikarnir þurfa að vera sameiginlegir öllum einstaklingum sem tilheyra tilteknum hópi, vera það sem gerir einstakling að meðlimi þess hóps og geta útskýrt hegðun einstaklinganna sem tilheyra hópnum. Umhyggjusemi, ábyrgð og heiðarleiki kvenna voru talin vera það sem gerði konur að konum og því má halda því fram að í raun sé um eðlishyggju að ræða, þó svo að hvergi sé minnst á að eiginleikarnir séu líffræðilegir. Hér þarf þó að hafa þann fyrirvara að hinir ólíku eiginleikar kynjanna eru ekki þeir sömu á milli menningarsamfélaga þar sem samfélagið mótar einstaklingana með ólíkum hætti. Það er því aðeins hægt að tala um að konur sem búa í sama samfélagi séu eins að eðlisfari.

Þriðja og síðasta skýringin er sú að tengslamyndun barna í frumbersku sé ólík eftir kyni. Stúlkubörn samsami sig móður sinni og því byggi sjálfsmynd þeirra á því á meðan drengir skilgreini sjálfa sig sem andstæðu móður sinnar og verði því sjálfstæðari. Þessi hugmynd felur í sér að kyngervi sé í raun eins á milli menningarsvæða en ekki þó af líffræðilegum orsökum heldur vegna hinnar ólíku tengslamyndunar. Sá ágalli er þó á þessari kenningu að hún gerir ráð fyrir því að börn séu alin upp af konum og ef hún á við rök að styðjast þyrfti að vera greinilegur munur á siðferðiskennd barna sem eru alin upp af foreldrum af sínu eigin kyni og þeirra sem eru alin upp af foreldri af gagnstæðu kyni. Það má færa rök fyrir því að hér sé um félagslega eðlishyggju að ræða með sömu rökum og áður.

Hvort sem hún er talin vera náttúruleg eða ekki þá virðist sem eðlishyggja, sem hefur löngum verið óvinur femínismans, liggi til grundvallar þessum hugmyndum um siðferðislega yfirburði kvenna sem geti nýst vel til uppbyggingar í samfélaginu. Hún hefur þó líka legið til grundvallar áfellingdómum yfir karlmönnum þar sem hún hefur verið notuð til að sýna fram á að þeir séu í eðli sínu óábyrgir og því hafi fjármálakerfið aldrei getað gengið, karlmennirnir voru of orkumiklir. Að sama skapi má segja að sú fullyrðin sé réttlætning fyrir hegðun karlanna, þeir gátu í raun aldrei neitt að þessu gert.

Í öllu falli felast í þessari umræðu hugmyndir um greinilegan kynjamun þar sem eðlislægum eiginleikum kvenna er hampað á kostnað eiginleika karla. Umræðunni um eðlishyggju var því í raun snúið á hvolf þar sem eðlislægir eiginleikar kvenna voru orðnir eina von samfélagsins frekar en réttlætning fyrir því að halda konum inni á heimilunum.



---

## Lokaorð

Í allri þessari umræðu um hina góðu kvenstjórnendur bar þónokkuð á röddum sem héldu því fram að nú „væri loksins búið að gera þessum femínistum til geðs“. Umræðan hafði snúist við og konur með alla þá eiginleika sem kallaðir voru aumingjaskapur og gunguháttur í góðærinu voru orðnir að dygðum sem voru nauðsynlegar fyrir samfélagið. Eiginleikar kvenna, og konur, voru ekki lengur annars flokks og ómerkilegir heldur sá bjargvættur sem myndi rétta þjóðfélagið af á ný. Það má því segja að í raun hafi draumur kvennanna sem stóðu að Kvennalistanum á sínum tíma um að hinum kvenlegu eiginleikum yrði gert hátt undir höfði orðið að veruleika. Þessu bæri femínistum að fagna þar sem konur væru loksins álitnar betri en karlar á sviði sem áður hafði verið stjórnað nær eingöngu að karlmönnum. Það er kannski ekki furða að einhverjir velti því fyrir sér hvernig í ósköpunum sé hægt að gera þeim femínistum til geðs sem eru ekki tilbúnir til að sætta sig við þessar staðhæfingar um að konur séu mikið betur til þess fallnar að stjórna fjármálafyrirtækjum en karlar. Hvernig getur það verið andfeminískt að halda því fram að konur séu betri en karlar í einhverju sem lýtur hvorki að barnauppleði né matseld? Þetta er það sem femínistar hafa alltaf viljað, er það ekki?

Svarið liggur eflaust í þeim forsendum sem umræðan er byggð á. Eðlishyggja er hugmynd sem hefur verið sem eitur í beinum femínista í gegnum tíðina og því ekki allir sem eru tilbúnir til að samþykkja hugmyndir sem eru byggðar á henni, líkt og umræðan um konur og stjórnun fjármálafyrirtækja var. Eðlishyggjunn er þá mótmælt þar sem ekki þykir trúverðugt að karlar og konur séu svo ólík að eðlisfari að réttlætningar eðlishyggjunnar séu eðlilegar en ekki einungis vegna þess að yfirleitt hefur hallað á konur þegar eðlishyggjunn hefur verið beitt. Þó konur komi ágætlega út úr þessari umræðu er það á forsendum sem mörgum reynist erfitt að kyngja. Konurnar eigi að taka við stjórninni vegna þess að þær eru í eðli sínu umhyggjusamar og ábyrgar en ekki endilega vegna þess að þær séu einstaklingar sem eru taldar hæfar til að stjórna fjármálafyrirtækjum að einhverju öðru leyti. Því hefur umræðunni um eðlishyggju í raun aðeins verið snúið á haus. Eðlishyggjan liggur enn til grundvallar en í þetta skipti eru það konur sem búa yfir jákvæðum og góðum eiginleikum en ekki karlarnir eins og hefur verið í gegnum tíðina. Það viðhorf til karlmanna sem skín í gegnum þessa umræðu er líka hlutur sem margir femínistar eiga erfitt með að sætta sig við. Þó að flestir þeirra sem stuðluðu að hrúni fjármálakerfisins hafi verið karlmenn má ekki gleyma því að það voru líka karlmenn í langflestum tilvikum sem voru nógu háttsettir innan fjármálafyrirtækjanna til að hafa slík áhrif. Umræðan byggist á karlfyrirlitningu og sums



---

staðar má greina ákveðna tilraun til að létta ábyrgðinni af körlunum með því að vísa í eðli þeirra. „Strákar verða alltaf strákar“ og „þetta er víkingurinn í þeim“ eru frasar sem virðast réttlæta hlut karlanna eða að minnsta kosti sýna hversu fyrirsjáanlegt það hefði átt að vera að karlarnir myndu klúðra þessu, „þeir eru nú bara svona gerðir“.

Þó svo að umræðan hafi snúist um eiginleika kvenna sem þóttu eftirsóknarverðir er umræðan því alls ekki endilega femínismanum þóknanleg þar sem hún byggir á staðalímyndum um bæði kyn og upphefur annað kynið á kostnað hins. Ef barátta femínista miðaðist fyrst og fremst að því að gera lítið úr karlmönnum hefði þessari umræðu svo sannarlega verið tekið fagnandi af femínistum alls staðar í samfélaginu. Umræðan fór hins vegar fram að miklu leyti á þeim forsendum að konurnar myndu bjarga samfélaginu vegna móðureðlisins eða hinnar náttúrulegu umhyggjusemi sem er þeim í blóð borin og það eru forsendur sem margir femínistar setja spurningamerki við.



---

## Heimildaskrá

- Andersen, Margaret L. (2006). *Thinking about women: sociological perspectives on sex and gender*. Boston: Pearson.
- Aristóteles. (1953). *Generation of animals*. London: Harvard University Press.
- Aristóteles. (1995). *Siðfræði Níkomakkosar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ásta Kristjana Sveinsdóttir. (2001). „Eðlishyggja í endurskoðun.“ Sótt 30. júní 2009 af <http://www2.hi.is/page/RIKK-edlishyggja>
- BBC news. (2009). „The women who want to save banking.“ Sótt 25. júní 2009 af <http://news.bbc.co.uk/2/hi/business/8048488.stm>
- Capacent rannsóknir. (2008). „Konur njóta trausts.“ Sótt 6. júlí 2009 af <http://www.capacent.is/?PageID=762&NewsID=1066>
- Cook, Kathleene. (1996). Sexual inequality in Aristotle's theories. Í Ward, J.K. *Feminism and ancient philosophy*. (bls. 51-67). New York: Routledge.
- Framtíðarhópur Viðskiptaráðs. (2006). *Ísland 2015*. Reykjavík: Viðskiptaráð.
- Gilligan, Carol. (1982). *In a different voice*. Cambridge: Harvard University Press.
- Holmstrom, N. (1986). Do Women Have a Distinct Nature? Í Pearsall, M. *Women and values - Readings in recent feminist philosophy* (bls. 51-62). Belmont: Wadsworth Publishing Company.
- Hursthouse, R. (18. júlí 2007). *Virtue ethics*. Sótt 8. ágúst 2009 af Stanford encyclopedia of philosophy: <http://plato.stanford.edu/entries/ethics-virtue/>
- Larrabee, M. J. (1993). Gender and moral development. Í M. J. Larrabee, *An ethic of care - feminist and interdisciplinary perspectives* (bls. 3-19). New York: Routledge.
- Management today. (2008). „Let women tame the macho excess.“ Sótt 7. júlí af <http://www.managementtoday.co.uk/channel/HumanCapital/news/865053/let-women-tame-macho-excess/>
- Mikkola, Mari. (2008). „Feminist Perspectives on Sex and Gender.“ Sótt 30. júní 2009 af <http://plato.stanford.edu/entries/feminism-gender>
- Neyðarstjórn kvenna. (2008). „Leiðari“. *Kvennastjórnartíðindi*. 2(1)
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2001). *Kvenna megin*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Silfur Egils. (2009). „Aðlögunarhæfni.“ Sótt 9. Júlí 2009 af <http://eyjan.is/silfuregils/2009/05/18/bumbult/>
- Sunderland, Ruth. (22. febrúar 2009). „After the crash, Iceland's women lead the rescue.“ *The Observer*, bls. 24.



---

Thornhill, J. (2009). „Would we be in this mess if our money was managed by women?“ Sótt 2. Júlí 2009 af <http://www.dailymail.co.uk/money/article-1165540/Would-mess-money-managed-women.html>

Framtíðarhópur Viðskiptaráðs Íslands. (2006). *Ísland 2015*. Reykjavík: Viðskiptaráð

Þóra Sigurðardóttir. (2004). „Hvað er kona?“ *19. Júní*, 53, 40 – 43